# FUNDARGERÐ STJÓRNAR STRÆTÓ BS.

## 430. fundur

fimmtudaginn 19. nóvember 2026 var haldinn fundur í stjórn Strætó bs. og hófst hann kl. 11:30.

**Mætt voru:**
Guðmundur Jóhann Jónsson, Kristín M. Thoroddsen, Guðný María Jóhannsdóttir, Birkir Guðlaugsson, Elísabet I. Einarsdóttir og Gylfi Þór Þorsteinsson.

Fundinn sat einnig Jóhannes Rúnarsson (JR) og Sigurborg Þórarinsdóttir sem ritaði fundargerð

**Tekið fyrir:**

1. Rekstur Strætó janúar til október.
2. Vagnaflotanum Strætó.
3. Pant – staðan.
4. ASHB – Strætó staðan
5. Áhættumat.
6. Önnur mál.

### 1. Rekstur Strætó janúar til október

Framkvæmdastjóri fór yfir stöðuna fyrstu 10 mánuði ársins. Helstu breytingar frá árshlutareikningi janúar til september er að framlög eigenda eru frá októbermánuði rukkuð af ASHB ohf. Aðrar tekjur Strætó er hluti fargjaldatekna. Rekstrargjöld eru í samræmi við áætlun. Unnið er í því að ræða við ASHB hvernig tekjugrunnur Strætó verður í framhaldinu. Framkvæmdastjóri fór yfir fund með endurskoðendum og endurskoðunarnefnd félagsins varðandi reikningsskil félagsins næstu misseri eða fram að slitum á rekstri Strætó. Samhliða því var lagt fram vinnuskjal um áætlað verðmat vagnaflotans. Endanleg niðurstaða reikningsskila verður kynnt stjórn þegar hún liggur fyrir.

### 2. Vagnafloti Strætó

Framkvæmdastjóri lagði fram og kynnti minnisblað, dagsett 16. nóvember 2026, um stöðu vagnaflota Strætó. Hluti flotans er mikið keyrður og rekstrarkostnaður þar af leiðandi orðinn hár. Gripið hefur verið til fyrirbyggjandi aðgerða til að lágmarka áhættu og tryggja að ekki verður þjónusturof. Vagnastaðan er ágæt og eru aukavagnar til staðar komi til bilana sem leiða af sér stöðvun einstakra vagna. Stjórn fól framkvæmdastjóra að hafa samband við sérfræðinga í sölu notaðra vagna til að meta möguleika á sölu og verðmæti vagnaflotans.

### 3. Pant - staðan

Framkvæmdastjóri fór yfir stöðuna á útboði vegna akstursþjónustu fyrir fatlað fólk. Verið er að funda með velferðarstjórum sveitarfélaga um framhald samstarfs um akstursþjónustu. Niðurstöðu er að vænta á næstu vikum. Stjórn lýsir áhyggjum af tímaskorti, en núverandi samningur rennur út um mitt ár 2027 og brýnir fyrir viðkomandi sveitarfélögum að taka ákvörðun um framhaldið sem fyrst.

### 4. ASHB – Strætó staðan.

Framkvæmdastjóri og stjórnarformaður fóru yfir fund með fulltrúum eiganda, stjórnarformanni, framkvæmdastjóra ASHB.

Framkvæmdastjóri og varaformaður stjórnar fóru yfir fund varðandi eignamat hugbúnaðar sem ASHB mun nýta og yfirtekur með kaupum frá Strætó. Framkvæmdastjóri fór yfir stöðu annarra verkefna sem lokið er í tengslum við yfirfærslu verkefna og unnið er að í samstarfi við ASHB.. Stjórn leggur mikla áherslu á að framkvæmdastjórar beggja félagi vinni þétt saman í að klára þessi verkefni og tryggja farsæla yfirfærslu.

**5.** Áhættumat

Stjórn fól framkvæmdastjóra á stjórnarfundi þann 5. nóvember s.l. að taka saman hvaða áhættuskjöl og innra eftirlit væri viðhaft hjá félaginu í framhaldi af minnisblaði frá eigendum Strætó og ASHB. Kynntar voru helstu áhættur og mótvægisaðgerðir til að lágmarka áhættu á þjónusturofi á komandi misserum og fram að slitum Strætó.
Stjórn fól framkvæmdastjóra að svara minnisblaði eiganda frá síðasta stjórnarfundi dagsett 30. október 2026, þar sem meðal annars var kallað eftir ítarlegu áhættumati á starfseminni á næstu misserum

**6.** Önnur mál

Lögfræðingur félagsins Hrafnhildur Kristinsdóttir, frá ADVEL kom á fundinn og reifaði úrskurð kærunefndar útboðsmála nr. 57/2025. Stjórn fól framkvæmdastjóra að svara í samráði við lögfræðingi ADVEL og í samræmi við umræður á fundinum.

**Fundi slitið kl. 13:15**

| | |
|---|---|
| Guðmundur Jóhann Jónsson | Guðný María Jóhannsdóttir |
| Kristín M. Thoroddsen | Birkir Guðlaugsson. |
| Elísabet I. Einarsdóttir | Gylfi Þ. Þorsteinsson |